

Fáir af Byrginu og Breiðavík fá aðstoð

Geðhjálp skorar á ríkisstjórnina

SÚ þjónusta sem fyrrum vistmönnum í Byrginu og í Breiðavík hefur staðið til boða hefur einungis nýst hluta þess hóps og gerir Geðhjálp alvarlegar athugasemdir við framkvæmd á fyrirheitum stjórnvalda um aðstoð til þessa fólks í ályktun sem send var fjölmiðlum í gær.

Í ályktuninni segir að samhæfa hefði þurft mun betur aðgerðir heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytisins í þessum efnum. Jafnframt lýsir Geðhjálp því sjónarmiði að rétt sé að hið opinbera hafi frumkvæði að milliliðalausum sambandi við fórnarlömb meints ofbeldis í stað þess að beina fólki á

geðsvið LHS við Hringbraut. Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, segir að þeir hafi orðið varir við það að fólk hafi ekki fengið þá hjálpu sem fyrirheit hafi verið gefið um. Síðan sé ákveðinn hópur þarna sem telji sig ekki eiga heima innan geðgeirans og það sé sannleikskorn í því.

„Svo er það hið alvarlega. Ég veit um einstaklinga sem hafa sótt þarna inn en þeim hefur verið synjað. Þeim hefur verið úthýst og þetta er ég með staðfest frá geðlækni meðal annars.“

Þá minnir Geðhjálpu á að íslenska ríkið skuldar þessu fólki allan þann stuðning sem vöð er á í landinu.